



## Fundargerð

Stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs - 143. fundur stjórnar Vatnajökulsþjóðgarðs haldinn í  
Végarði Fljótsdalshreppi og fjarfundi,  
14. september 2020, kl. 13:00.

### Fundinn sátu:

Auður H. Ingólfssdóttir, formaður stjórnar,  
Anna Dóra Sæþórsdóttir, varaformaður stjórnar (zoom),  
Þorkell Lindberg Þórarinsson, varamaður varaformanns stjórnar (zoom),  
Anton Freyr Birgisson, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Skútustaðahrepps,  
Ásta Berghildur Ólafsdóttir, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Ásahrepps,  
Eyrún Arnardóttir, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Fljótsdalshéraðs,  
Matthildur Ásmundardóttir, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Sveitafélagsins  
Hornafjarðar,  
Sævar Þór Halldórsson, aðalfulltrúi, tilnefndur af umhverfisverndarsamtökum,  
Snorri Ingimarsson, aðaláheyrnarfulltrúi, tilnefndur af Samtökum útivistarfélaga,  
Magnús Guðmundsson, framkvæmdastjóri Vatnajökulsþjóðgarðs,  
Ingibjörg Smáradóttir, sérfræðingur á skrifstofu Vatnajökulsþjóðgarðs.

### Fjarverandi / í leyfi / boðuð forföll:

Steingrímur Karlsson, aðaláheyrnarfulltrúi, tilnefndur af ferðamálasamtökum á svæði  
Vatnajökulsþjóðgarðs,  
Vilhjálmur Árnason, varamaður formanns stjórnar.

### Gestir:

Valbjörn Steingrímsson, fjármálastjóri Vatnajökulsþjóðgarðs (zoom),  
Steinunn Hödd Harðardóttir, aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar á suðursvæði – Höfn  
(zoom).

#### 1. Svæðisráð vestursvæðis - 86 - 2008003F

Formaður svæðisráðs vestursvæðis fór yfir fundargerð vestursvæðis.

#### 2. Svæðisráð suðursvæðis - 82 - 2008001F

Formaður svæðisráðs suðursvæðis fór yfir fundargerð suðursvæðis.

#### 3. Svæðisráð suðursvæðis - 83 - 2008006F

Formaður svæðisráðs suðursvæðis fór yfir fundargerð suðursvæðis.

#### 4. Svæðisráð norðursvæðis - 73 - 2008007F

Formaður svæðisráðs norðursvæðis fór yfir fundargerð norðursvæðis.

#### 5. Austursvæði - skýrsla þjóðgarðsvarðar - 2006023

Fyrir fundinum lá skýrsla þjóðgarðsvarðar austursvæðis.

#### 6. Staðan í rekstri 2020 - 1909023

Fyrir fundinum lágu upplýsingar um stöðu reksturs fyrstu 7 mánuði ársins, stöðu sértekna eftir fyrstu 8 mánuði ársins auk útgönguspár sem byggist á rauntölum fyrstu 8 mánuði ársins og fyrirbyggjandi rekstraráætlun fyrir síðustu 4 mánuði ársins. Rétt samt að minna á að ákveðin óvissa er fyrir hendi það sem eftir lifir árs vegna þess ástands sem er til staðar í samfélaginu.

## Gestir

Valbjörn Steingrímsson, fjármálastjóri - 13:30

*Fjármálastjóri kynnti stöðuna í rekstri stofnunarinnar fyrstu sjö mánuði ársins og sértekjur eftir átta mánuði. Auk þess kynnti hann útkomuspá til næstu áramóta. Staðan er í góðu jafnvægi og stefnir í að markmið áætlunar ársins 2020 náist. Fjármálastjóri minnti samt á að ákveðin óvissa er fyrir hendi það sem eftir lifir árs vegna Covid-19 faraldursins.*

### **7. Fjallsárlón - endurskoðun gjalda 2020 vegna COVID-19 - 2004023**

Fyrir fundinum lá umsókn til svæðisráðs.

*Formaður svæðisráðs gerði grein fyrir samskiptum á milli Vatnajökulspjóðgarðs og rekstraraðila á Fjallsárlóni. Svæðisráð suðursvæðis hefur fjallað um erindi fyrirtækisins og styður þær tillögur sem Vatnajökulspjóðgarður og Sveitarfélagið Hornafjörður hafa lagt til. Stjórn fellst einnig á þær tillögur um að veita fyrirtækinu greiðslufrest á leigugreiðslum vegna ársins 2020 fyrir afnot af þjóðlendunni við Fjallsárlón. Framkvæmdastjóra falið að vinna að málinu í samstarfi við Sveitarfélagið Hornafjörð.*

### **8. Ice Lagoon ehf - Tilkynning um niðurstöðu HA - E-51\_2018 - Fyrirpurn - 2009014**

Fyrir fundinum lá tilkynning og fyrirspurn um leyfismál.

*Framkvæmdastjóra falið að svara erindinu í samræmi við þau drög að svarbréfi sem lágu fyrir fundinum.*

### **9. Dettifossvegur - Vegagerð um Vesturdal og Hjóðakletta - 2007015**

Stjórn upplýst um stöðu mála.

*Formaður svæðisráðs norðursvæðis gerði grein fyrir stöðu mála vegna vegaframkvæmda og bílastæða í Vesturdal.*

*Formaður svæðisráðs norður leggur áherslu á að allir sem að málinu koma séu sammála um að ásýnd svæðisins verði fyrir sem minnstum áhrifum vegna framkvæmdanna. Formaður svæðisráðs norður leggur sérstaka áherslu á að lokið verði sem allra fyrst við framkvæmdir og lagningu slitlags á brekku vegarins niður í Vesturdal til að koma í veg fyrir mögulegt tjón vegna vatnsaga. Einnig leggur hann áherslu á að vandað verði til verka við að endurhanna veginn niður í Vesturdal í góðu samstarfi við Vegagerðina og aðra.*

*Stjórn óskar eftir því að áfram verði unnið að málinu eins og formaður svæðisráðs norðursvæðis kynnti og að óskað verði eftir því við Vegagerðina að ljúka framkvæmdum sem fyrst við brekku niður í Vesturdal og ganga frá svæðinu á þann hátt að lágmarka áhættu af tjóni vegna leysinga.*

Aðalfulltrúi náttúruverndarsamtaka viku af fundi undir þessum lið.

### **10. Stjórnunar- og verndaráætlun VJP 2020 - 2023 - 1909029**

Fyrir fundinum lágu upplýsingar um framvindu við gerð stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs.

*Athugasemdir Náttúrufræðistofnun Íslands og SUNN voru lagðar fram til kynningar.*

### **11. Stjórnunar- og verndaráætlun Jökulsárlón og Þjóðlundur - 1709003**

Fyrir fundinum lágu drög s&v fyrir Breiðamerkursand.

*Stjórn þakkar góða vinnu vegna viðauka við stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Breiðamerkursand og Jökulsárlón og óskar jafnframt eftir kynningu ráðgjafa á stjórnarfundum sem verður á suðursvæði í október nk..*

### **12. Atvinnustefna - viðmið - 2005027**

Fyrir fundinum lágu upplýsingar um stöðu mála við innleiðingu á atvinnustefnu þjóðgarðsins.

## **Gestir**

Steinunn Hödd Harðardóttir, aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar - suðursvæði - 16:00

*Málinu var frestað til næsta fundar.*

### **13. Vestursvæði - Vonarskarð, næstu skref, verkefni svæðisráðs - 1907014**

Fyrir fundinum lá tímalína aðgerða vegna Vonarskarðs.

*Formaður stjórnar kynnti tímalínu vegna þeirrar vinnu sem framundan er við að leita lausna í deilu um aðgengi að Vonarskarði. Stjórn samþykkti tillögu formanns um tímalínu.*

*Fulltrúi SAMÚT leggur fram eftirfarandi bókun: Í ljósi langrar og erfiðrar forsögu í umfjöllun þessa málefnis teljum við í SAMÚT nauðsynlegt fyrir trúverðugleika niðurstöðunnar að svæðisráðinu verði gert að leggja fram efnisleg og haldbær rök fyrir sinni afstöðu.*

### **14. Skýrsla framkvæmdastjóra - 1808006**

Frestað til næsta fundar.

**Fundargerð ritaði:** Ingibjörg Smáradóttir, fundarritari.

Fundi slitið kl. 16:30.